



Reykjavík, 8.6.2020

IE19110002

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

### Áætlun innri endurskoðanda um sameinaða starfsemi innri endurskoðunar

Þann 27. febrúar 2020 samþykkti borgarráð að sameina á einum stað starfsemi eftirlitseininga borgarinnar með það að markmiði að einfalda og um leið styrkja starfsemi og skipulag þeirra aðila sem sinna eftirliti með starfsemi og stjórnslu Reykjavíkurborgar. Í samþykkt borgarráðs felst að sameina eigi, undir stjórn og á ábyrgð innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, starfsemi umboðsmanns borgarbúa og starf persónuverndarfulltrúa borgarinnar, frá og með 1. júní 2020. Samkvæmt samþykkt borgarráðs var innri endurskoðanda falið að leggja fyrir borgarráð eigi síðar en 1. maí 2020 áætlun um sameinaða starfsemi innri endurskoðunar og þar á meðal hvernig móttöku og úrvinnslu ábendinga og athugasemda frá borgarbúum verði háttað.

Lagt er til að borgarráð samþykki framlagða áætlun innri endurskoðanda um útfærslu að skipulagi nýrrar starfseiningar ásamt tillögu að erindisbréfi með gildistöku frá 1. júlí n.k. Jafnframt er innri endurskoðanda falið að ganga frá breytingum á störfum og innleiða skipulag í samræmi við samþykkt áætlun.

Virðingarfyllt,

Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi: Áætlun innri endurskoðanda um sameinaða starfsemi innri endurskoðunar dags. júní 2020